

Athugasemdir við frumvarp um miðhálandisþjóðgarð, 369. mál.

Umsögn þessa senda eftirtaldir íbúar í Þingvallasveit hinni fornu sem nú er hluti Bláskógabyggðar:

Jóhannes Sveinbjörnsson og Ólöf Björg Einarsdóttir, Heiðarbæ 1

Sveinbjörn F. Einarsson, Heiðarbæ 2

Sveinn Ingi Sveinbjörnsson og Andrea Skúladóttir, Heiðarbæ 4

Kolbeinn Sveinbjörnsson og Borghildur Guðmundsdóttir, Heiðarási

Við ofanrituð sem sendum hér inn neðangreindar athugasemdir við frumvarp um miðhálandisþjóðgarð, 369. mál, höfum kynnt okkur umsögn sveitarfélagsins Bláskógabyggðar við frumvarpið. Við ætlum ekki að endurtaka hér allt það sem þar kemur fram, en tökum undir það allt. Við ætlum einkum að einbeita okkur að því að meta fyrirbyggjandi reynslu af þjóðgarði innan okkar sveitarfélags.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum var stofnaður árið 1930, síðan þá hefur orðið til mikil reynsla sem rétt er að reyna að læra af. Umgjörð sú sem þá og síðan hefur verið sköpuð um Þingvallastað skipti sköpum í að gera Þingvelli að þjóðareign, og nú á síðari árum einnig enn aðgengilegri fyrir okkar erlendu gesti. Þjóðgarðurinn er verulega atvinnuskapandi hér á svæðinu og mikilvægur fyrir búsetu hér í sveit að því leyti. Sambúð þjóðgarðsins og fastra íbúa sveitarinnar er í meginatriðum mjög góð í dag, þó ekki fullkomin. Sagan kennir okkur líka að þegar sett er á fót stofnun eins og þjóðgarður er auðvelt að mistíga sig.

Í upphafi 20. aldarinnar hafði Þingvöllum hnignað mjög. Í bókinni „Þingvellir – staðir og leiðir“ eftir Björn Th. Björnsson segir m.a. svo um stofnun þjóðgarðsins: „Því var heldur ekki vonum seinna að friðunaráformum væri hreyft. Það gerði skógræktarmaður sem kynnst hafði friðlýstum svæðum erlendis, Guðmundur Davíðsson, síðar fyrsti þjóðgarðsvörður á Þingvöllum. Í grein í Lögréttu árið 1919 segir hann að það beri „að gera Þingvelli að friðlýstum þjóðskemtigarði Íslands til gagns og gleði fyrir þjóðina“ og að engum privat- manni eða fjelagi má leyfa að reisa þar nokkur mannvirki“. Leggur hann til að hætt verði búskap á hraunjörðunum og skógurinn verði alfriðaður undir forsjá Alþingis.

Og áfram segir Björn frá því sem gerist í aðdragandanum að Alþingishátíðinni 1930: „Það var ekki fyrr en tilhaldið mikla stóð nær fyrir dyrum, með erlendum tignargestum og fögrum veizlum, að frumvarpið um friðlýsingu Þingvalla varð að lögum, 1928, og Þingvallanefnd kosin til að sjá um framgang þeirra: „Hið friðlýsta svæði skal vera undir vernd Alþingis og ævinlega eign íslensku þjóðarinnar“, segir þar. En nefnd þessi taldi sig brátt eiga meiri skyldum að gegna við aðra en þjóðina, og því er saga hennar og Þingvalla síðan slík sem er.“

Í lögum um Þingvallabyggðgarð sem voru samþykkt frá Alþingi 1928 var þetta: „Þingvellir við Öxará og grenndin þar skulu vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga“ og : „hið friðlýsta land skal vera undir vernd Alþingis og ævinlega eign íslensku þjóðarinnar. Það má aldrei selja eða veðsetja.“ Lögin tóku gildi í upphafi árs 1930 og samkvæmt þeim mátti „ekkert jarðrask, húsbyggingar, vegi, rafleiðslur eða önnur

mannvirki gera á hinu friðlýsta svæði eða í landi jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka nema með leyfi Þingvallanefndar.“

Jónas frá Hriflu, formaður Þingvallanefndar 1928 til 1946, var einn helsti hvatamaður þessarar lagasetningar. Það breytti því þó ekki að í blaðagrein strax í lok árs 1930 viðraði hann þá skoðun að ekkert væri því til fyrirstöðu að reistir yrðu nokkrir sumarbústaðir suður af Valhöll og Konungshúsi sem höfðu verið færð vestur fyrir Öxará. Slíkt hefði engin áhrif á svipmót Þingvalla. Og það varð úr að lóðum var úthlutað undir bústaði með vatninu þar sem heitir Valhallarstígur og Rauðukusunes án þess að þær væru auglýstar. Löngu síðar, eða árið 1966 ákvað nefndin að heimila byggingu rúmlega 30 sumarbústaða og úthlutaði sem fyrr lóðum án auglýsingar, flestum í Gjábakkalandi. Nú reis upp mikil gagnrýni og sá Þingvallanefnd sitt óvænna og dró lóðaúthlutanirnar til baka og flestir þeir sem fengið höfðu lóðir í Gjábakkalandi skiluðu þeim. Þetta varð síðan til þess að stórfelldri úthlutun sumarbústaðalóða í Þjóðgarðinum var hætt. Engu að síður eru enn álíka margir bústaðir innan marka Þjóðgarðsins eins og árin eru sem hann hefur verið til. Viðleitni Þingvallanefndar til að leysa til sín bústaðalóðirnar hefur verið frekar máttlaus hingað til en þó eitthvað örlítið meira en táknað núna allra síðustu árin.

Jónas frá Hriflu var spurður í viðtali í tímaritinu Samvinnunni árið 1967 hvað hefði valdið því að hann sem manna harðast hafði barist fyrir friðun Þingvalla skyldi leyfa sumarhúsabyggð í Þjóðgarðinum. Jónas svaraði því m.a. til að það hefði verið „...sjónarmið sitt og annarra nefndarmanna, að friða bæri svæðið austan Öxarár, en leyfa byggð vestan árinna frá Valhöll og suður með Þingvallavatni vestanverðu. Ástæðuna kvað hann fyrst og fremst hafa verið þá, að hann vildi „líf“ á Þingvöllum, en gat þess jafnframt að gott hefði verið að láta áhrifamenn í Þjóðfélaginu eiga persónulegra hagsmuna að gæta á Þingvöllum, svo þeir legðust á eitt um að verja staðinn skakkaföllum ef þurfa þætti, t.d. í sambandi við hugsanlega hækkun Þingvallvatns af völdum Sogsvirkjunar.“

Svona dæmi eins og hér hafa verið rakin um Þjóðgarðinn á Þingvöllum eru m.a. ástæða fyrir víðtækri andstöðu hér í sveitarfélaginu við það að færa stóran hluta Bláskógabyggðar undir miðhálandisþjóðgarð, með þeim afleiðingum að skipulag og stjórnsýsla þess svæðis mundi færast frá lýðræðislega kjörnum fulltrúum sveitarfélagsins, til fulltrúa annarra sveitarfélaga, félagasamtaka og embættismanna. Áherslan í frumvarpinu á aðkomu félagasamtaka á aðkomu að stjórnsýslu Þjóðgarðsins áformaða minnir um margt á rök Jónasar á Hriflu fyrir því að láta áhrifamenn í Þjóðfélaginu eiga persónulegra hagsmuna að gæta á Þingvöllum. Það skín í gegn að þrátt fyrir ýmsa kosti lýðræðisins sé stundum ástæða til að kalla að borðinu aðila sem vita betur heldur en lýðræðislega kjörnir fulltrúar. Og þá ekki einungis til að gefa álit sitt, til frekari úrvinnslu, heldur til að hafa beina aðkomu að ákvörðunum. Við teljum að þetta sé hættuleg braut að feta, svona álíka hættuleg og að ganga um Þingvallahraun í svartamyrkri.

Það hefur margt gott verið gert í Þingvallabjóðgarði. Eitt af því er að bæta aðgengi að gömlu eyðibýlunum, Skógarkoti og Hrauntúni. Vegghleðslurnar, túnstæðin og það litla sem eftir stendur af húsarústum ber vitni um það erfiði sem fyrrum ábúendur höfðu lagt á sig til að efla þarna bú við erfiðar aðstæður. Þetta var allt skilið eftir þegar búskapur var bannaður í Þjóðgarðinum uppúr stofnun hans. Í lögum nr. 47/2004 um Þjóðgarðinn á Þingvöllum segir, í 3. grein: „Þjóðgarðurinn skal, eftir því sem Þingvallanefnd ákveður, varinn fyrir lausagöngu búfjár og nefndin skal setja sérstakar reglur um búskap á bújörðum sem eru í byggð innan Þjóðgarðsins.“ Þetta er það atriði sem í dag veldur einna mestum vandkvæðum í samskiptum Þjóðgarðsins og bænda á svæðinu. Þjóðgarðurinn hefur ekki verið afgirtur nú um langt skeið svo að haldi. Að einhverju leyti má kenna þar um að ekki er ákveðin fjárveiting til þeirra mála. Þetta veldur ýmsum árekstrum milli almennings, Þjóðgarðs, bænda og annarra

hagsmunaaðila. Þetta er dæmi um vandkvæði sem stafa af óljósri ábyrgð, sem lýsir sér í orðalagi lagagreinarinnar, og skorti á fjárveitingum til nauðsynlegra ráðstafana. Mörg dæmi um slíkt er að finna í frumvarpi um miðhálandisþjóðgarð. Fjármögnun þess verkefnis er mjög óljós. Spörin hræða.

Skilningur á náttúrunni er æviverkefni og gerist best með umgengni við landið á öllum árstímum og skynsamlegri nýtingu þeirra er það byggja. Ferðamannaiðnaður er ágætis atvinnugrein en við getum alls ekki fallist á að hún sé að einhverju leyti hafinn yfir aðrar atvinnugreinar þegar talað er um spörin á bak við þær. Þó að mengun af flugi sé alþjóðlegt vandamál erum við nú ekki svo einföld hérna í Þingvallasveitinni að samþykkja að ekki þurfi að taka það inni jöfnuna þegar stórar ákvarðanir eru teknar um nýtingu auðlinda hérlendis.

Til að lífsgæði Íslendinga haldist góð er alveg ljóst að við þurfum að skapa verðmæti; ekki bara vinna við að veltast með verðmæti hvors annars til og frá. Það gerist m.a. með því að lifa á því sem landið og miðin geta gefið okkur á sjálfbæran hátt. Því væri glapræði að taka svo stóra og viðamikla ákvörðun um landnýtingu sem frumvarp um miðhálandisþjóðgarð felur í sér nema að um það ríki alger sátt. Ríkið hefur komið ýmsum málaflokkum yfir á sveitarfélögin í gegnum tíðina. En með þessu frumvarpi er lagt til að mikið vald og partur af stolti landsbyggðarfólks sé nú tekið frá því. Okkur vantar ekki fleiri stofnanir til að stjórna landinu, það þarf bara hver að sinna sínu lögbundna hlutverki.